

3.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 19.mars kl. 14:00. Fundurinn er haldinn á skrifstofu hreppsins í Noðurfirði.

Mætt eru Bjarnheiður Júlía Fossdal Melum 1, Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík, og Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði og Úlfar Eyjólfsson Krossnesi eru með á fjarfundí.

Oddviti ritar fundargerð og biður leyfis til að leggja fram tvö mál til viðbótar þeim sem kynnt voru í fundarboði og var það samþykkt. Það varðar nýja gjaldskrá fyrir rotþrær og sorphirðugjöld og verður mál númer 10 og lagt fram til kynningar tilboð frá Verkís varðandi endurskoðun á aðalskipulagi, númer 11.

Dagskrá fundarins;

1. Bréf frá Matvælaráðuneyti varðandi byggðakvóta, niðurstaða máls og afgreiðsla á umsóknum.
2. Sorpsamlag Strandasýslu, samþykkt hreppsnefndar Árneshrepps varðandi lántöku frá Lánaþjóði sveitarfélaga.
3. Útgjöld sveitarfélagsins vegna skipulagmála. Endurnýjun á aðalskipulagi, 2 atriði innsend til skoðunar. Deiliskipulagsmál varðandi Norðurfjörð.
4. Kaffi Norðurfjörður, lagt fram til kynningar og umræðu.
5. Bréf frá ASÍ varðandi útvistun sveitarfélaga á ræstingum og þrifum, lagt fram til kynningar.
6. Bréf frá Menningarfulltrúa Vestfjarða varðandi tilnefningu fulltrúa sveitarfél. við gerð menningarstefnu.
7. Skólamál Finnborgastaðaskóla, samvinna við Drangsnes og fleira.
8. Vestfjarðastofa og Markaðsstofa Vestfjarða óskar eftir fulltrúa í stýrihóp vegna verkefnis um endurskoðun áfangastaðaáætlunar Vestfjarða.
9. Velferðarnefnd Vestfjarða, Félagsþjón. Stranda og Reykhólahr. Fundargerð lögð fram til kynningar og samþykktar.

1. Bréf frá Matvælaráðuneyti varðandi byggðakvóta, niðurstaða máls og afgreiðsla á umsóknum. Oddviti rakti það sem hefur ske síðan síðast, enn fremur var rædd um að framvegis yrði krafist lögheimilisfesti í sveitarfélaginu frá næsta fiskveiðíári.
2. Sorpsamlag Strandasýslu, samþykkt hreppsnefndar Árneshrepps varðandi lántöku frá Lánaþjóði sveitarfélaga. Hreppsnefnd fór yfir málið samþykkir hér með á fundi sínum að veita einfalda ábyrg og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eingnarhalds, sbr. heimild í 2.mgr. 68.gr. og 2.mgr. 29.gr. sveitarstjónarnalaga

65.
5R
ÞÍ

nr. 138/2011, til tryggingar láns Sorpsamlangs Strandasýslu ehf. hjá Lánaþjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 25.000.000,- með lokagjalddaga þann 20.febrúar 2039, í samræmi við skilmála að lánaþamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarfstjórnin hefur kynnt sér. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Nær samþykki hreppsnefndar jafnframtil undirritunar lánaþamningsins og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á vélum, tækum og áhöldum sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánaþjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Sveitarfstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda félagsins til að breyta ekki ákvæði samþykktta félagsins sem leggur hömlur á eignarhald að félagini að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila. Fari svo að sveitarfélagið selji eignarhlut sinn í félagini til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarfélagið sig til að sjá til þess að jafnframtil yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta. Jafnframtil er Evu Sigurbjörnsdóttur kt. 240450-2089 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Árneshrepps að undirrita lánaþamning við Lánaþjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

3. Útgjöld sveitarfélagsins vegna skipulagmála. Endurnýjun á aðalskipulagi, 2 atriði innsend til skoðunar. Efni þetta er lagt fram til kynningar.
4. Kaffi Norðurfjörður, lagt fram til kynningar og umræðu. Arinbjörn reifaði málið, hreppsnefnd samþykkti niðurstöðuna. Lítillega rætt um hluti sem þarf að lagfæra í húsnæðinu þegar Sparisjóðurinn hættir leigu á sínu rými.
5. Bréf frá ASÍ varðandi útvistun sveitarfélaga á ræstingum og þrifum, lagt fram til kynningar. Lagt fram til kynningar og oddviti hefur þegar svarað erindinu.
6. Bréf frá Menningarfulltrúa Vestfjarða varðandi tilnefningu fulltrúa sveitarfél. við gerð menningarstefnu. Ákveðið var að tala við einhverja utan hreppsnefndar. Sigrún Sverrisdóttir bóndi í Litlu-Ávík verður fulltrúa Árneshrepps.
7. Skólamál Finnborgastaðaskóla, samvinna við Drangsnes og fleira. Allt verður gert sem hægt er til að vinnan við Finnborgastaðaskóla haldi áfram með sama hætti og verið hefur. Auglýst verður eftir kennara/skjólastjóra sem allra fyrst. Oddviti mun athuga tryggingamál varðandi skólahaldið.
8. Vestfjarðastofa og Markaðsstofa Vestfjarða óskar eftir fulltrúa í stýrihóp vegna verkefnis um endurskoðun áfangastaðaætlunar Vestfjarða. Í þessu tilfelli þarf einnig að finna einhvern utan hreppsnefndar, Davíð Már Bjarnason hefur samþykkt að verða fulltrúi Árneshrepps.
9. Velferðarnefnd Vestfjarða, Félagsþjón. Stranda og Reykhólahr. Fundargerð lögð fram til kynningar, hreppsnefnd fór yfir málið og samþykkti að því loknu fundargerðina.

6.
5R.
Bj

10. Gjaldskrá fyrir sorphirðu og rotþróatæming í Árneshreppi. Gjaldskráin lögð fram og samþykkt samhljóða. Oddviti undirritar gjaldskrána og sendir til B-deildar Stjórnaðartíðinda
11. Bréf frá Verkís ehf varðandi endurskoðun á Aðalskipulagi Árneshrepps lagt fram til kynningar. Tekin verður afstaða síðar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:35

Óva Sigurbjörnsdóttir
Sólveig Þórunnaldsdóttir
Bjarnheiður J. Fossdal